

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 75/2017

2019/EES/11/08

frá 5. maí 2017

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2150 frá 7. desember 2016 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* DSM 29025 og *Lactobacillus plantarum* NCIMB 42150 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2260 frá 15. desember 2016 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 226/2007, (EB) nr. 1293/2008, (EB) nr. 910/2009, (EB) nr. 911/2009, (ESB) nr. 1120/2010, (ESB) nr. 212/2011 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 95/2013 og (ESB) nr. 413/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M og *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2261 frá 15. desember 2016 um leyfi fyrir kopar(I)oxíði sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við liði 1zzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 226/2007) og 1zzzzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008):

„– **32016 R 2260**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2260 frá 15. desember 2016 (Stjútíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 14).“

2. Eftirfarandi er bætt við liði 1zzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2009), 1zzzzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009), 2s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010), 2w (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2011), 75. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 95/2013) og 83. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. No 413/2013):

„eins og henni var breytt með:

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 333, 8.12.2016, bls. 44.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 18.

- **32016 R 2260**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2260 frá 15. desember 2016 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 14).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 178. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2023):
- „179. **32016 R 2150**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2150 frá 7. desember 2016 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* DSM 29025 og *Lactobacillus plantarum* NCIMB 42150 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 333, 8.12.2016, bls. 44).
180. **32016 R 2261**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2261 frá 15. desember 2016 um leyfi fyrir kópar(I)oxíði sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2015, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2016/2150, (ESB) 2016/2260 og (ESB) 2016/2261, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.